

# **Hluthafafundur Exista hf.**

**Haldinn þann 30. október 2008.**

**Tillögur félagsstjórnar Exista hf. til hluthafafundar félagsins þann 30. október 2008**

## **Dagskrárliður 2: Heimild stjórnar til hækkunar hlutfjár**

Stjórn félagsins leggur til að hluthafafundur haldinn þann 30. október 2008 samþykki heimild til stjórnar félagsins til þess að auka hlutfé félagsins um allt að fjárhæð 50.000.000.000 kr. að nafnverði eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í evrum, með áskrift allt að 50.000.000.000 nýrra hluta. Hluthafar falli frá forgangsrétti sínum skv. 34. gr. laga um hlutfélög nr. 2/1995 og samþykktum félagsins. Stjórn félagsins getur heimilað einstökum hluthöfum í ákveðnum tilfellum að skrifa sig fyrir áskrift nýrra hluta, að hluta eða heild. Engar hömlur eru á viðskiptum með hina nýju hluti og skulu þeir vera í sama flokki og bera sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Stjórn félagsins er falið að ákveða nánari útfærslu á hækkun þessari m.t.t. verðs og greiðsluskilmála og er heimilt að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýju hluti að hluta eða öllu leyti með öðrum verðmætum en reiðufé. Heimildin gildir til 30. október 2013, að því leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark.

Því er lagt til að 2. mgr. 4. gr. samþykktu félagsins sé breytt svofellt:

„Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutfé þess um allt að 50.000.000.000 króna að nafnverði eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í evrum, með áskrift allt að 50.000.000.000 nýrra hluta. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum skv. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög og samkvæmt samþykktum þessum. Stjórn félagsins er þó heimilt að veita einstökum hluthöfum á hverjum tíma heimild til að skrá sig fyrir nýjum hlutum að hluta eða öllu leyti. Engar hömlur eru á viðskiptum með hina nýju hluti. Nýir hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutfjárhækkunarinnar. Stjórn félagsins er falið að ákveða nánari útfærslu á hækkun þessari m.t.t. verðs og greiðsluskilmála. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýju hluti að hluta eða öllu leyti með öðru en reiðufé. Heimild þessi gildir til 30. október 2013 að svo miklu leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark.“

## **Dagskrárliður 3: Heimild stjórnar til að undirgangast fjárskuldbindingar, fyrir hönd félagsins, sem breyta má í hlutfé í félaginu og heimild til hækkunar hlutfjár í samræmi við það**

Stjórn félagsins leggur til, samkvæmt heimild í 48. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög, að stjórn félagsins sé heimilað að taka lán eða gangast undir annars konar fjárhagslega skuldbindingu allt að samanlagðri fjárhæð kr. 7.087.383.816 eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendum myntum, sem breyta má í hluti í félaginu, en að því gefnu að heildarfjöldi hluta í félaginu sem mögulegt er að gefa út við nýtingu breytiréttar að fullu, skuli ekki nema meira en 50% af útgefnum hlutfé félagsins á útgáfudegi slíkra lána eða fjárhagslegra skuldbindinga. Greiða má fyrir slík lán eða fjárhagslegar skuldbindingar með öðrum verðmætum en reiðufé. Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé félagsins um samsvarandi fjárhæð og breytiréttur nemur, þrátt fyrir heimild samkvæmt 2. mgr. 4. gr. samþykktu félagsins og mun frekar ákveða hvernig heimild þessari verður beitt í samræmi við ákvæði 3., 4., og 5. mgr.

48. gr. og 41. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Hluthafar afsala sér forgangsrétti til áskriftar á hlutum sem gefnir kunna að verða út vegna þessa. Heimildin gildir til 30. október 2013 að svo miklu leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark.

Því er lagt til að ný grein bætist við samþykktir félagsins sem 3. mgr. 4. gr., svohljóðandi:

„Stjórn félagsins er heimilt að taka lán fyrir hönd félagsins eða að gangast undir annars konar fjárhagslega skuldbindingu allt að samanlagðri fjárhæð kr. 7.087.383.816, sem breyta má í hluti í félaginu, en að því gefnu að heildarfjöldi hluta í félaginu sem mögulegt er að gefa út við nýtingu breytiréttar að fullu, skuli ekki nema meira en 50% af útgefnum hlutafé félagsins á útgáfudegi slíkra lána eða fjárhagslegra skuldbindinga. Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um samsvarandi fjárhæð og breytiréttur nemur, þrátt fyrir heimild samkvæmt 2. mgr. 4. gr., og mun frekar ákveða hvernig heimild þessari verður beitt í samræmi við ákvæði 3., 4., og 5., mgr. 48. gr. og 41. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Hluthafar afsala sér forgangsrétti til áskriftar á hlutum sem gefnir kunna að verða út vegna þessa ákvæðis. Stjórn félagsins er heimilt að kveða á um að unnt sé að greiða lán eða fjárhagslega skuldbindingu með öðrum verðmætum en reiðufé. Heimild þessi gildir til 30. október 2013 að svo miklu leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark.“

#### **Dagskrárliður 4: Tillaga um heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum**

Stjórn félagsins leggur til, með vísan til 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, að stjórn félagsins sé heimilað að kaupa allt að 10% af eigin hlutum félagsins á næstu 18 mánuðum frá 30. október að telja. Kaupverð hlutanna skal ekki vera lægra en 0,01 kr. á hlut og ekki hærra en 40 kr. á hlut. Ekki verða sett lágmark á stærð hluta sem keyptir eru hverju sinni.

Því er lagt til að 1. mgr. 7. gr. samþykkt félagsins verði breytt svofelld:

„Félagið má eigi veita lán út á hluti sína nema lög leyfi. Félagisstjórn skal heimilt á næstu 18 mánuðum frá 30. október 2008 að telja að kaupa allt að 10% af eigin hlutum. Kaupverð hlutanna skal ekki vera lægra en 0,01 kr á hlut og ekki hærra en 40 kr. á hlut. Ekki eru sett lágmark á heimild þessa varðandi stærð hluta sem keyptir eru hverju sinni.“

#### **Dagskrárliður 5: Tillaga um afskráningu hluta félagsins úr kauphöll NASDAQ OMX Nordic Exchange á Íslandi**

Hluthafafundur Exista hf. haldinn 30. október 2008 samþykkir að hlutir í félaginu verði tafarlaust afskráðir úr kauphöll NASDAQ OMX Nordic Exchange á Íslandi. Hluthafafundur beinir því til stjórnar og veitir heimild til þess að annast slíka afskráningu.

#### **Dagskrárliður 6: Tillaga um heimild stjórnar til ótakmarkaðrar sölu á eignum félagsins**

Hluthafafundur Exista hf. haldinn 30. október 2008 samþykkir, vegna verulegra efnahagslegra erfiðleika í þjóðfélaginu, að veita stjórn félagsins ótakmarkaða heimild til þess að selja eða ráðstafa allt að öllum eignum félagsins, með einni eða fleiri ráðstöfunum, hvort sem um er að ræða lausafé eða aðrar eignir félagsins svo sem fasteignir, hlutabréf, og aðrar eignir, að því gefnu að slíkar ráðstafanir séu að vandlegu mati hagstæðar og hagfelldastar félaginu. Heimild þessi gildir til 30. október 2009.